

Fréttapistill frá forseta Íslands

28. október 2019

Síðustu viku varði ég að mestu í Japan. Þar var sá sögulegi viðburður að Naruhító keisari var krýndur með formlegum hætti. Í apríllok sagði Akihító faðir hann af sér keisaratign og tók Naruhító þá við völdum. Þau eru aðeins formleg og er það af sem áður var; þannig hafði Hirohító keisari talsverð völd og áhrif fram yfir seinni heimsstyrjöld og var að auki sagður hálfguðleg vera, kominn af sólargyðjunni Amaterasú. Óðar eftir ófriðinn var tekið fyrir þá trú í stjórnarskrá landsins.

Keisarinn var krýndur í höllu hans í Tókýó á þriðjudaginn var, 22. október. Athöfnin var látlaus, samt afar virðuleg. Þau keisarinn og Masakó keisaraynja gengu hægt að veldisstólum sínum og gátum við gestirnir fylgst með athöfninni handan hallargarðar. Margt fyrirmenni var þarna, heimafólk, sendiherrar og svo þjóðhöfðingjar eða fulltrúar nær allra ríkja jarðarkringlunnar, margir með mökum sínum. Keisari flutti eið sinn, hét því að vinna að heill þjóðar sinnar og heimsfriði og virða þau ákvæði stjórnarskrárinnar að vera sameiningartákn Japana. Síðan gekk Shinzō Abe forsætisráðherra fyrir Naruhító og lofaði að þjóðin myndi elska og virða keisara sinn.

Að kvöldi var hátíðarboð í höllinni og færðum við Eliza þeim keisarahjónum þá heillaóskir okkar og íslensku þjóðarinnar. Daginn eftir buðu Abe forsætisráðherra og Akie Abe kona hans til kvöldverðar og var hann með sama myndarbrag og allt annað þar eystra. Á þessum viðburðum gafst færi á að hitta fulltrúa ýmissa vinaþjóða og ríkja nær og fjær.

Frásagnir af frekari fundum má sem fyrr lesa á heimasíðu forsetaembættisins, www.forseti.is. Fyrsta dag ferðarinnar var ég við kynningu á lambakjöti á velmetnum veitingastað í Tókýó ásamt Friðriki Sigurðssyni yfirkokki utanríkisráðuneytisins og fulltrúum þeirra sem standa að þessum útflutningi. Seint verður hann í massavís en Japönnum þykir kjötið herramannsmatur og eru fúsir að borga verð sem því nemur. Þá kynnti ég mér starfsemi Sasakawa-stofnunarinnar og undirdeildar um samskipti við Norðurlönd. Þá sátum við Eliza kvöldverð í boði forseta vinafélags Íslands og Japans á Japansþingi. Miðvikudaginn 23. október snæddum við hjónin hádegisverð með Yasuhiro Yamashita, forseta Ólympíunefndar Japans, og Daichi Suzuki, stjórnarmanni í Íþróttasambandi Japans. Báðir unnu þeir til verðlauna á Ólympíuleikum, sá fyrrnefndi í júdó og sá seinni í sundi og var fróðlegt að spjalla við þá um undirbúning leikanna í Tókýó á næsta ári. Allt er þar á áætlun eins og vænta má í þessu landi aga og skipulags. Og aldrei hef ég komið í eins hreina og snyrtilega stórborg.

Síðar þennan dag átti ég fund með rektor Tokai-háskóla. Í fylgdarliði voru meðal annarra hjónin Jón Atli Benediktsson, rektor Háskóla Íslands, og Stefanía Óskarsdóttir dósent í stjórnmálafræði við skólann. Þau sátu einnig fund minn með rektor Tókýó-háskóla daginn eftir og voru síðan í hópi áheyrenda þegar ég flutti þar fyrirlestur á ensku um „vald hinna veiku“, „The Might of the Weak: The Role of Small States in International Relations and the Case of Iceland.“ Ræddi ég þar um stöðu

Íslands í samfélagi þjóðanna, möguleika Íslendinga til að hafa áhrif á alþjóðavettvangi og flókið samspil hagsmuna og hugsjóna í utanríkisstefnu ríkja. Þrjú megindæmi nefndi ég um vægi Íslands: sagnaarf okkar og framlag til heimsmenningar, þorskastríð og landhelgismál og loks atbeina í sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslandanna þegar Sovétríkin tóku að liðast undir lok (á mynd að neðan má sjá togvirkklippingar útskýrðar með aðstoð glass og flösku; glasið var þá troll og flaskan togari).

Að kvöldi fimmtudagsins 24. október bauð Elín Flygenring sendiherra til móttöku í bústað sínum. Elín var okkur stoð og stytta í heimsókninni og sama gildi um Halldór Elís Ólafsson ritara í sendiráðinu. Í móttökuna mættu vinir og velunnarar Íslands í Japan, þingmenn og forystufólk fyrirtækja, Íslendingar í landinu, námsmenn og aðrir, og sendiherrar allra hinna norrænu ríkjanna. Japanskur söngflokkur flutti nokkur íslensk ættjarðarlög og þjóðsöng okkar að auki, og stóðu söngvararnir sig með stakri þryði.

Á föstudaginn var lá leiðin heim og mikið var nú indælt að hitta börnin aftur eftir þessa langferð. Á laugardeginum tóku svo við þrír viðburðir, ólíkir en hver öðrum fróðlegri og skemmtilegri. Fyrst flutti ég stutt ávarp á fræðslufundi og tónlistarstund í Bessastaðakirkju á vegum Félags um sögu Bessastaðaskóla og vísa ég til heimasíðu embættisins um frekari upplýsingar.

Síðan tók ég á móti Björgvin Páli Gústavssyni handboltahetju. Hann færði mér að gjöf nýja bók þeirra Sölva Tryggvasonar um viðburðaríkt lífshlaup þessa magnaða markvarðar þar sem skipst hafa á skin og skúrur. Við ræddum um íþróttir og uppeldi, mikilvægi þess að byggja upp heilbriggt sjálfstraust í huga ungmenna og hjálpa þeim að láta drauma sína rætast, setja sér markmið, kunna að taka ósigrum og eflast við hverja raun. Ég naut þessa samtals og Björgvin Páli fannst líka gaman að koma aftur á Bessastaði; síðast mætti hann þar 2008 til að taka á móti riddarakrossi hinnar íslensku fállaorðu, nýbakaður silfurverðlaunahafi á Ólympíuleikunum í Beijing með strákunum okkar í handboltalandsliðinu.

Að síðustu tókum við Eliza svo á móti góðum gestum, hópi nema og fylgdarliðs frá bænum Port Hope í Kanada. Ungmennin eru í flokknum „Skeena“ í þjálfunardeild kanadíska sjóhersins. Þau eru hér á landi í fræðsluferð heiðruðu jafnframt minningu þeirra 15 landa þeirra sem drukknuðu þegar tundurspillirinn Skeena strandaði við vesturenda Viðeyjar í október 1944. Undir forystu Einars Sigurðssonar útgerðarmanns og skipstjóra tókst að bjarga hinum um borð, nær 200 manns.

Mikið var gærdagurinn svo fallegur í gær hér á suðvesturhorni landsins. Maður stóðst ekki mátið og fann stund fyrir stutta ferð til Þingvalla. Öxarárfoss var magnaður í vetrarbúningi og ljúft að liggja í mosa fyrir ofan Vinaskóg og maula nestið sitt. Myndir þaðan, frá Japan og öðrum viðburðum, sem hér hefur verið getið, segja sína sögu hér að neðan en enn og aftur – frekari upplýsingar má ætíð finna á heimasíðu embættisins þar sem fregnum er haldið til haga.